

Mál nr. 270/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/frítímaslysatryggingar

Slys á göngu áleiðis upp Fimmvörðuháls 01.04. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotunu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun í bréfi til nefndarinnar. Það telur að umrætt slys hafi ekki verið í frítíma. Almennu séu björgunarstörf björgunarsveita unnin í vinnutíma sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið vekur og athygli á því að björgunarsveitunni beri skylda til að slys tryggja björgunarsveitarmenn sína sbr. 5. gr. laga um björgunarsveitir nr. 43/2003. Tekur þetta undir þá afstöðu félagsins að ekki sé um frítímaslys hjá björgunarsveitarmönnum að ræða þegar þeir vinna störf sín sem slíkir.

Álit

M mun hafa verið á göngu upp á Fimmvörðuháls til þess að skoða eldgos þegar han rann til og snéri sig á vinstri ökkla þannig að ökklinn brotnaði.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. vátryggingarskilmálum er bótaskylda fyrir hendi. Slys í frítíma við frístundaiðju er ekki undanskilin áhætta samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.